



ATVINNU-, FERÐA- OG MENNINGARNEFND HRUNAMANNAHREPPS 2022 – 2026

3. fundur Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn þriðjudaginn 31. janúar 2023 kl. 16:00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Ragnhildur S. Eypórsdóttir, formaður, Herbert Hauksson og Arna Þöll Sigmundsdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu. Formaður setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Yfirferð og umræður vegna jólamarkaðar.

Rætt um jólamarkað/jólahátíð sem nefndin stóð fyrir laugardaginn 3. desember 2022 milli kl. 14:00 og 16:00 í félagsheimilinu. Markaðurinn þótti takast vel, var afar vel sóttur og almenn ánægja meðal gesta. Á honum voru 25 aðilar með vörur til sölu. Jólalegt tónlistaratriði með Fríðu Hansen vakti lukku. Körfuknattleiksdeildin sá um veitingar sem mæltust vel fyrir. Nefndin fór yfir ýmis atriði sem tókust vel og hvað mætti gera betur. Nefndarmenn eru sammála um að þróa viðburðinn áfram og stefna á veglega jólahátíð laugardaginn 2. desember 2023. Jólahátíðin hefjist með því að ljós verði tendruð á jólatré við félagsheimilið við hátíðlega athöfn.

2. Svæðisskipulag Suðrhálendis.

Sveitarstjórn hefur vísað erindi Svæðisskipulagsnefndar Suðrhálendis, dags. 13.01.2023 til nefndarinnar til umsagnar en í erindinu er lögð fram greinargerð og umhverfisskýrsla Svæðisskipulags Suðrhálendis skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga og 13. og 14. gr. laga um umhverfismat áætlana og framkvæmda. Umsagnarfrestur er til 12. febrúar 2023.

Nefndin telur mikilvægt að tillagan verði kynnt vel og leggur til við sveitarstjórn að fjallað verði um málið á opnum fundi áður en umsagnarfrestur rennur út.

3. Bréf frá Orkideu frá 12. janúar 2023.

Sveitarstjórn hefur vísað bréfi frá Orkideu til umfjöllunar í nefndinni en í bréfinu er lagt til að boðað verði til fundar um nýsköpunartækifæri í Hrunamannahreppi í tengslum við auðlindir sveitarfélagsins. Fundurinn yrði haldinn í samvinnu sveitarstjórnar og Orkideu. Á fundinum yrði lögð áhersla á stefnumótun og hugarflug í atvinnuuppbyggingu í Hrunamannahreppi og að efla tengingar milli frumkvöðla og sveitarfélagsins, nýsköpunarumhverfisins og fjárfesta.

AA RSE

Nefndin tekur undir með sveitarstjórn að hugmynd um hugarflugsfund í sveitarfélaginu með atvinnurekendum sé góð hugmynd og reyndar í afar góðu samræmi við tillögu nefndarinnar frá síðasta fundi þar sem rætt var um möguleikann á því að haldinn verði kynningarfundur með atvinnurekendum í sveitarfélaginu þar sem aðilar geta kynnt starfsemi sína hver fyrir öðrum og þannig eflt tengslanet og meðvitund um það sem í gangi er í sveitarfélaginu á hverjum tíma. Einn fundur sem byggir á hugmyndum nefndarinnar sem og hugmyndum Orkideu með atvinnurekendum og öðrum áhugasömum gæti orðið lyftistöng framfara og nýsköpunar sem er afar jákvætt og mætir einnig þeirri vinnu sem í gangi er varðandi sameiginlega atvinnustefnu uppsveitanna. Í erindi Orkideu er lagt til að umræddur fundur verði haldinn 14. mars 2023 og gera nefndarmenn ekki athugasemdir við þá tímasetningu. Jafnframt samþykkt að nefndarmenn muni allir koma að undirbúningi fundarins en formaður verði tengiliður við Orkideu.

4. **Viðburðir ársins.**

Nefndin er sammála um að vinna að auknu og fjölbreyttara menningarlífi á árinu. Gaman væri að gera meira úr páskum og kynna fyrir íbúum og gestum með góðum hætti það sem um er að vera þá daga. Aðrar hátíðir og viðburðir eru 17. júní, Flúðir um Versló, Uppskeruhátíð sem haldin verður laugardaginn 2. september og Jólahátíð 2. desember.

5. **Önnur mál.**

Rætt um hugarflugsfund aðal- og varamanna nefndarinnar. Stefnt er að fundinum miðvikudaginn 22. febrúar 2023.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:35

Arna Þ. Sigmundsdóttir
Ragnhildur Stefania Eyþórsdóttir

